

Stykkishólmi og Reykjavík, 5. júní 2023

Ísafjarðarbær

B.t. Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og
Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, forseti bæjarstjórnar
Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Afrit: Stjórn Fuglaverndar, forstjóri og teymisstjóri veiðistjórnunar Umhverfisstofnunar, forstjóri og sviðsstjóri náttúruverndar Náttúrufræðistofnunar Íslands, Samtök náttúrustofa, Ungir umhverfissinnar, Landvernd, Náttúruverndarsamtök Íslands.

Efni: Aðgerðir gegn kríuvörpum á vegum Ísafjarðarbæjar

Komið þið sælar, Arna Lára og Sigríður Júlía.

Fuglavernd vill með bréfi þessu koma á framfæri miklum áhyggjum af aðgerðum Ísafjarðarbæjar í kríuvörpum, sem lýst hefur verið í fjölmiðlum undanfarið og hafa það að markmiði að fæla kríu úr varplöndum nálægt byggð.

Bent er á að samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (nr. 64/1994) er krían friðaður fugl. Í lögnum, sem meðal annars hafa það að markmiði að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni villtra dýrastofna, kemur fram að:

Úr 1. gr.:

Friðun: bann við veiðum og öðrum aðgerðum sem geta aukið vanhöld eða **dregið úr viðkomu** dýra af tiltekinni tegund. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar. (Leturbreyting undirritaðra).

Úr 6. gr.:

Ávallt skal gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Vissulega hafa landeigendur leyfi til að nýta kríuvörp á sínu landi með sjálfbærum hætti (sbr. fyrstu málsgrein 7. gr. sömu laga) með eggjatöku til 15. júní (sbr. 20. gr. sömu laga), en eins og fram kemur í 6. grein laganna er gert ráð fyrir að slík nýting fari fram af nærgætni.

Krían er stórkostleg lífvera. Hún er heimsmetshafi í öllu dýraríkinu þegar kemur að árlegum farvegalegdum. Krían er langlíf, verður að jafnaði um 30 ára, og ferðast um 80-90.000 km á ári, sem jafngildir því að hver fugl fari um þrisvar sinnum fram og til baka til tunglsins á ævi sinni. Það er því kannski engin furða að hún verji afkvæmi sín með miklum tillífrum, eftir að hafa lagt á sig þetta mikla ferðalag til að komast á varpstöðvar.¹

Því miður hefur krían átt verulega undir högg að sækja frá því snemma á þessari öld², að öllum líkindum vegna breytinga í hafinu sem mögulega eru til komnar vegna loftslagsvárs af mannavöldum. Hún telst vera tegund í nokkurri útrýmingarhættu (VU) skv. valista íslenskra fugla.³ Mikilvægt er að hafa í huga að 20–30% af heimsstofni kríunnar er að finna hér á landi á sumrin.

Í ljósi framangreinds gerir Fuglavernd alvarlegar athugasemdir við það að raska kríuvörpum og hvetur Ísafjarðarbæ eindregið til að endurskoða aðgerðir sínar gegn kríunni. Fuglavernd getur sýnt því vissan skilning að sveitarfélagið vilji bregðast við óánægju sumra íbúa með atferli kríunnar í og við varpstaði. Hins vegar er það svo að í öllum aðgerðum á vegum sveitarfélagsins ætti ekki einungis að líta til hagsmuna bæjarbúa, heldur einnig hagsmuna kríunnar. Þá hefur Fuglavernd fengið fjölda ábendinga frá íbúum á Ísafirði sem blöskrar framgangna sveitarfélagsins, svo ljóst er að ekki er samhugur innan sveitarfélagsins um þetta mál. Þess má geta að ástæðulaust er að óttast kríuna, og vel er hægt að verjast varnarflugi hennar með einföldum aðgerðum, s.s. að klæðast mjúku höfuðfati.

Mikilvægt er að finna lausn sem allir geta sætt sig við, og taka um leið mið af friðunar- og verndarstöðu kríunnar. Sú lausn gæti t.d. falið í sér að laða kríu frekar að hentugum stöðum þar sem hún veldur ekki ónæði, í stað þess að fæla hana frá þeim stöðum sem hún er óvelkomin. Með því móti myndi krían færa sig sjálfviljug, en ekki af illri nauðsyn, og slíkar aðgerðir myndu síður ógna varpárangri hennar. Einnig er mjög mikilvægt að fræða íbúa um mikilvægi og sérstöðu kríunnar, sem og mögulegar leiðir til að umgangast kríuna í sátt. Að hafa kríuna í sínu næsta umhverfi þarf ekki að vera neikvætt, heldur veitir slík sambúð tækifæri til að kynnst þessari merkilegu tegund í návígi. Hægt væri að nýta nálægð við kríuna bæði til fræðslu og í ferðapjónustu, sé það gert af skynsemi og nærgætni.

Í samráði og samstarfi við Náttúrustofu Vestfjarða, Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands býður Fuglavernd fram krafta sína við að aðstoða Ísafjarðarbæ í að finna hentuga lausn og miðla fræðslu til íbúa.

¹ <https://www.pnas.org/doi/full/10.1073/pnas.0909493107> og <https://www.birdlife.org/news/2018/06/27/migration-marathons-7-unbelievable-bird-journeys/>

² <https://link.springer.com/article/10.1007/s00300-020-02749-5> og <https://www.tandfonline.com/doi/full/10.1080/00063657.2013.811214>

³ <https://www.ni.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>

Að lokum vill Fuglavernd leggja áherslu á að kjósi Ísafjarðarbær að halda uppteknum hætti með notkun fælingaraðgerða er mjög brýnt að rannsóknir á áhrifum þessara aðgerða fari fram, til að skilja til fullnustu hvaða áhrif þær hafa á bæði kríuna og aðra friðaðar tegundir sem verpa á svipuðum slóðum, og til að mæla hversu langt frá fælingarbúnaðinum þau áhrif ná. Fuglavernd getur haft milligöngu um að koma slíkum rannsóknum á, en áréttar þó að notkun fælingarbúnaðar í vörpum friðaðra fuglategunda stríðir gegn markmiðum gildandi laga.

Með góðum kveðjum,
Menja von Schmalensee, formaður Fuglaverndar, f.h. stjórnar
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri Fuglaverndar

